

Árshlutareikningur

SORPA bs.

Janúar - júní 2015

Skjal sótt af '000000000000' dags: 26.03 2026



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Könnunaráritun óháðra endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur tímabilsins 1.1. til 30.6. 2015	4
Efnahagsreikningur 30. júní 2015	5 - 6
Sjóðstreymi tímabilsins 1.1. til 30.6. 2015	7
Skýringar	8 - 15

Stjórn SORPU bs.:

Bjarni Torfi Álfþórsson, stjórnarformaður
Halldór Auðar Svansson, varaformaður
Guðmundur Geirdal
Jóna Sæmundsdóttir
Hafsteinn Pálsson
Rósa Guðbjartsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Björn Hafsteinn Halldórsson

Kjörnir endurskoðendur:

KPMG ehf.
Anna Þórðardóttir
löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Aðalstarfsemi SORPU bs. er að annast meðhöndlun úrgangs.

Árshlutareikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og áður fyrir utan reikningsskil vegna endurvinnslustöðva. Umfjöllun um breytingarnar er að finna í lið númer eitt í skýringum.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður samlagsins 209,5 millj.kr. á tímabilinu. Eigið fé samlagsins í lok tímabils nam um 1.568 millj.kr. en nam um 1.358 millj.kr. í byrjun tímabils. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings varðandi fjárhagsstöðu samlagsins og rekstur þess á liðnu tímabili.

Ársverk hjá samlaginu voru 93 og launagreiðslur samlagsins námu um 286,8 millj.kr. á tímabilinu.

Stjórn SORPU bs. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með árshlutareikning samlagsins fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. ágúst 2015

Stjórn SORPU bs.:

Björn Tarfi
Halldór Arndar Svansson
Jóna Leundadóttir
Rannveig
Egert
Elfeimur Sæbsson

Framkvæmdastjóri:

Björn Sæbsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar SORPU bs.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning SORPU bs. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2015, sem hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2015 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 21. ágúst 2015

KPMG ehf.

Anna Þórunn Þórunn
Fagil. Önnur Gunnarsson

Rekstrarreikningur janúar - júní 2015

	Skýr.	1/1-30/6 2015	1/1-30/6 2014	2014
Rekstrartekjur				
Þjónustutekjur		1.452.135.630	1.269.914.815	2.703.961.607
Aðrar tekjur		7.461.514	10.042.877	17.451.769
	3	<u>1.459.597.144</u>	<u>1.279.957.692</u>	<u>2.721.413.376</u>
Rekstrargjöld				
Laun og tengd gjöld	14	370.694.343	333.330.361	709.032.463
Annar kostnaður		803.537.899	841.782.103	1.716.398.567
Afskriftir	2, 6	69.022.938	73.644.372	149.811.351
	4	<u>1.243.255.180</u>	<u>1.248.756.836</u>	<u>2.575.242.381</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		216.341.964	31.200.856	146.170.995
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	5	(6.812.955)	30.777.260	50.448.574
Hagnaður tímabilsins		<u>209.529.009</u>	<u>61.978.116</u>	<u>196.619.569</u>

Skjal sótt af '00000000000' dags: 26.03 2026

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	30/6 2015	30/6 2014	2014
Fastafjármunir				
Varanlegir rekstrarfjármunir:	2, 6			
Gufunes móttökustöð		367.632.072	410.600.884	389.116.478
Álfsnes urðunarstöð		361.387.252	328.685.228	329.734.266
Gufunes vélar og tæki		283.489.377	261.491.425	271.044.368
Endurvinnslustöðvar		385.613.502	471.803.785	368.499.604
		<u>1.398.122.203</u>	<u>1.472.581.322</u>	<u>1.358.394.716</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignarhlutir í öðrum félögum	7	21.865.857	21.575.248	21.865.857
Bundnar bankainnstæður		41.280.202	33.179.828	37.159.662
		<u>63.146.059</u>	<u>54.755.076</u>	<u>59.025.519</u>
Fastafjármunir		<u>1.461.268.262</u>	<u>1.527.336.398</u>	<u>1.417.420.235</u>
Veltufjármunir				
Skammtímakröfur:				
Viðskiptakröfur	2	163.453.475	167.982.675	142.651.462
Aðrar kröfur		5.510.390	5.679.058	2.913.397
Kröfur á tengd félög	15	134.352.805	154.876.556	115.516.718
Fyrirframgreiddur kostnaður		0	7.500.000	0
Handbært fé:	2			
Bankainnstæður		812.158.970	466.320.648	628.849.326
Veltufjármunir		<u>1.115.475.640</u>	<u>802.358.937</u>	<u>889.930.903</u>
Eignir samtals		<u>2.576.743.902</u>	<u>2.329.695.335</u>	<u>2.307.351.138</u>

Skjal sótt af '0000000000' dags: 26.03 2026

30. júní 2015

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	30/6 2015	30/6 2014	2014
Eigið fé	8, 9			
Stofnfé		336.962.569	336.962.569	336.962.569
Stofnfé - endurvinnslustöðvar		0	288.063.893	0
Óráðstafað eigið fé		1.230.822.742	878.527.837	1.021.293.733
Eigið fé samtals		<u>1.567.785.311</u>	<u>1.503.554.299</u>	<u>1.358.256.302</u>
Skuldbindingar				
Skuldbinding vegna ábyrgðar á urðunarstað	11	42.978.484	34.927.642	38.841.057
Skuldbinding vegna endurvinnslustöðva	12	178.622.646	0	170.732.575
Skuldbindingar		<u>221.601.130</u>	<u>34.927.642</u>	<u>209.573.632</u>
Langtímaskuldir				
Skuldir við lánastofnanir	10	366.063.788	444.272.793	401.420.156
Langtímaskuldir		<u>366.063.788</u>	<u>444.272.793</u>	<u>401.420.156</u>
Skammtímaskuldir				
Viðskiptaskuldir	15	177.133.372	132.979.295	149.461.462
Ýmsar skammtímaskuldir		159.956.504	140.446.291	105.041.290
Næsta árs afborganir langtímaskulda	10	84.203.797	73.515.015	83.598.296
Skammtímaskuldir		<u>421.293.673</u>	<u>346.940.601</u>	<u>338.101.048</u>
Skuldir samtals		<u>1.008.958.591</u>	<u>826.141.036</u>	<u>949.094.836</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>2.576.743.902</u>	<u>2.329.695.335</u>	<u>2.307.351.138</u>
Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar	13			

Sjóðstreymi janúar - júní 2015

	Skýr.	1/1-30/6 2015	1/1-30/6 2014	2014
Handbært fé frá rekstri				
Frá rekstri:				
Hagnaður af reglulegri starfsemi		209.529.009	61.978.116	196.619.569
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir	2, 6	69.022.938	73.644.372	149.811.351
Áhrif hlutdeildarféлага	7	0	0	(290.609)
Verðbætur og gengismunur eigna og skulda	2	0	2.962.398	0
		<u>278.551.947</u>	<u>138.584.886</u>	<u>346.140.311</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)	(	42.235.093)	(62.574.558)	12.382.154
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)		82.587.124	40.140.639	21.217.805
		<u>40.352.031</u>	<u>(22.433.919)</u>	<u>33.599.959</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>318.903.978</u>	<u>116.150.967</u>	<u>379.740.270</u>
Fjárfestingarhreyfingar				
Fjárfest í Gufunesi	6	(40.118.208)	(50.601.608)	(83.273.008)
Fjárfest í Álfsnesi og svæðisáætlun	6	(51.518.317)	(39.567.875)	(69.139.688)
Fjárfest í endurvinnslustöðvum	6	(24.692.354)	(19.860.254)	(44.447.315)
Breyting bundinna innstæðna		(3.454.718)	(3.353.545)	(6.919.985)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(119.783.597)</u>	<u>(113.383.282)</u>	<u>(203.779.996)</u>
Fjármögnunarhreyfingar				
Ábyrgðargjald v/urðunarstaða		3.471.605	3.484.982	6.985.003
Ný langtímalán		0	160.000.000	167.051.835
Greiddar afborganir langtímalána	(	39.594.766)	(31.461.489)	(71.202.310)
Breyting á skuldbindingu v/ endurvinnslustöðva		20.312.424	0	31.777.874
Stofnfjárlaun		0	13.252.820	0
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(15.810.737)</u>	<u>145.276.313</u>	<u>134.612.402</u>
Hækkun á handbæru fé		<u>183.309.644</u>	<u>148.043.998</u>	<u>310.572.676</u>
Handbært fé í byrjun ársins		<u>628.849.326</u>	<u>318.276.650</u>	<u>318.276.650</u>
Handbært fé í lok tímabilsins		<u>812.158.970</u>	<u>466.320.648</u>	<u>628.849.326</u>

Skýringar

Starfsemi

1. Fyrirtækið er skráð undir nafninu SORPA bs. í fyrirtækjaskrá og þjóðskrá.

Byggðasamlagið heitir SORPA bs. sem stendur fyrir Sorpeyðingu höfuðborgarsvæðisins byggðasamlag. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Það er stofnað í samræmi við ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum (nr. 45/1998) um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna.

Tilgangur byggðasamlagsins er að annast meðhöndlun úrgangs sbr. lög nr. 55/2003 fyrir sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem öll eru stofnaðilar að því.

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

2. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Árshlutareikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í meginatriðum eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Við gerð árshlutareiknings ber stjórnendum samlagsins að meta ýmsa liði árshlutareiknings. Matsaðferðirnar byggja á góðri reikningsskilavenju. Endanleg niðurstaða sem verður við innlausn eða sölu þeirra liða, sem metnir voru, getur orðið önnur en niðurstaða mats stjórnenda.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samlagsins.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í árshlutareikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok tímabilsins. Verðbætur og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar í árshlutareikninginn þegar kröfuréttur myndast.

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í árshlutareikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samlaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til að niðurlagsverði er náð. Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Gufunes, móttökustöð	5 - 25 ár
Álfsnes	5 - 10 ár
Vélar og tæki	5 - 9 ár
Endurvinnslustöðvar	0 - 25 ár

Leigðar eignir

Leigusamningar, sem eru með þeim skilmálum að efnislega öll áhætta og ávinningur sem fylgja eignarhaldi á hinum leigðu eignum færist yfir til samlagsins, eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar. Við upphaflega skráningu í bókhaldi eru eignirnar færðar á gangvirði eða núvirði lágmarksleigugreiðslna, hvort sem lægra reynist. Á síðari reikningsskiladögum eru eignirnar færðar samkvæmt þeirri reikningsskilaaðferð sem gildir um viðkomandi eignir.

Aðrir leigusamningar teljast til rekstrarleigusamninga og eru hinar leigðu eignir ekki færðar til eignar.

Eignarhlutir í félögum

SORPA bs. á 100% eignarhlut í Metan ehf. Ekki er færð hlutdeild í tekjum tímabilsins. Ekki eru gerð samstæðureikningsskil þar sem það hefur óverulega þýðingu fyrir rekstur og efnahag samstæðunnar vegna smæðar sbr. 70 gr. laga nr. 3/2006.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna nam 6,0 millj.kr. í lok tímabilsins. Afskrifaðar tapaðar viðskiptakröfur á tímabilinu námu 0,1 millj.kr.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Rekstrartekjur

3. Rekstrartekjur sundurliðast þannig:

	1/1-30/6 2015	1/1-30/6 2014	2014
Móttökugjöld	733.906.883	632.003.937	1.291.822.620
Endurvinnsluafurðir	203.984.337	159.759.272	410.473.674
Endurvinnslustöðvar	379.276.321	334.532.191	700.320.467
Útseld þjónusta	19.299.902	29.053.360	62.775.561
Aðrar tekjur	7.461.514	13.731.396	17.451.769
Nytjamarkaður	135.680.766	128.691.584	277.542.420
Vinna milli deilda - eigin not	(20.012.579)	(17.814.048)	(38.973.135)
	<u>1.459.597.144</u>	<u>1.279.957.692</u>	<u>2.721.413.376</u>

Rekstrargjöld

4. Rekstrargjöld sundurliðast þannig:

	1/1-30/6 2015	1/1-30/6 2014	2014
Yfirstjórn og sameiginlegur kostnaður	84.643.402	67.065.660	138.440.503
Þróunar-, tækni- og fræðsludeild	52.962.282	68.587.836	137.174.410
Móttöku- og urðunarkostnaður	608.106.557	665.241.284	1.356.418.876
Rekstur útleigðs húsnæðis	2.598.430	2.452.329	4.318.840
Nytjamarkaður	135.680.766	128.691.584	277.542.420
Rekstur endurvinnslustöðva	379.276.321	334.532.191	700.320.467
Vinna milli deilda - eigin not	(20.012.579)	(17.814.048)	(38.973.135)
	<u>1.243.255.179</u>	<u>1.248.756.836</u>	<u>2.575.242.381</u>

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld sundurliðast þannig:

	1/1-30/6 2015	1/1-30/6 2014	2014
Vaxtatekjur, verðbætur, söluhagnaður og arður	373.099	1.103.464	15.186.283
Vaxtagjöld og verðbætur	(6.786.459)	(11.209.337)	(14.373.062)
Endurreikningur gengistryggðra lána	0	41.228.195	49.857.892
Gengismunur	(399.595)	(345.062)	(513.148)
Áhrif hlutdeildarféлага	0	0	290.609
	<u>(6.812.955)</u>	<u>30.777.260</u>	<u>50.448.574</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundradshluti, greinast þannig:

<i>fjárbæðir í þús.kr.</i>	Gufunes móttökustöð	Álfsnes urðunarstöð svæðisáætlun	Gufunes vélar og tæki	Endurvinnslu- stöðvar	Samtals
Heildarverð 1.1. 2015	995.486	844.720	686.901	512.549	3.039.657
Afskrifað áður	(606.369)	(514.986)	(415.857)	(144.050)	(1.681.262)
Bókfært verð í upphafi árs	389.116	329.734	271.044	368.500	1.358.395
Viðbót á tímabilinu	0	51.518	40.118	24.692	116.329
Afskrifað á tímabilinu	(21.484)	(19.865)	(27.673)	(7.578)	(76.601)
Bókfært verð 30.6. 2015	367.632	361.387	283.489	385.614	1.398.122
Afskriftarhlutföll 6 mán.	4–20%	10–20 %	12–25%	0–4%	
Afskriftir færast eftirfarandi:					
Í rekstur					69.023
Til lækkunar á skuldbindingu vegna endurvinnslustöðva					7.578
					<u>76.601</u>

Vátryggingarverð véla og tækja byggðasamlagsins nam 1.640,0 millj.kr. samkvæmt mati tryggingafélagsins.

Áhættufé í öðrum félögum

7. Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Metan ehf.	100%	47.000.000	21.865.857
		<u>47.000.000</u>	<u>21.865.857</u>

Eigið fé

8. Stofnfé sundurliðast þannig:

	Stofnfé	
Reykjavíkurborg	66,7%	224.723.250
Kópavogur	11,3%	38.037.800
Hafnarfjörður	10,7%	36.059.363
Garðabær	5,5%	18.456.102
Mosfellsbær	3,0%	10.145.453
Seltjarnarnes	2,8%	9.540.601
	<u>100,0%</u>	<u>336.962.569</u>

9. Breytingar á eigin fé SORPU bs. greinast þannig:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2015	336.962.569	1.021.293.733	1.358.256.302
Hagnaður tímabilsins	0	209.529.009	209.529.009
Eigið fé samtals 30.6. 2015	<u>336.962.569</u>	<u>1.230.822.742</u>	<u>1.567.785.311</u>

Langtímaskuldir

10. Yfirlit um langtímaskuldir:

	Vaxtakjör 30.6. 2015	Eftirstöðvar 30.6. 2015
Íslandsbanki	NVT 4%	146.637.096
Lánasjóður sveitarfélaga	NVT 2,45-3,45%	149.427.525
Eignaleigur	NVT 6,21%	9.411.221
Eignaleigur	ÓVTR 7,1-8,25%	144.791.743
		<u>450.267.585</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda		<u>(84.203.797)</u>
		<u>366.063.788</u>

Langtímaskuldir greinast þannig :

Skuldir vegna byggðasamlagsins	154.202.964
Skuldir vegna endurvinnslustöðva	296.064.621
	<u>450.267.585</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

	Samtals
1.7. 2015 - 30.6. 2016	84.203.797
1.7. 2016 - 30.6. 2017	77.708.325
1.7. 2017 - 30.6. 2018	72.921.363
1.7. 2018 - 30.6. 2019	66.633.513
1.7. 2019 - 30.6. 2020	60.359.750
Afborgun síðar	88.440.837
Langtímaskuldir alls	<u>450.267.585</u>

Skuldbindingar

11. Í samræmi við 11. og 31. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 10 gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, tók stjórn SORPU bs. ákvörðun um að leggja á sérstakt gjald á urðaðan úrgang til að uppfylla ákvæði framangreindra laga og reglugerða um ábyrgð á eftirliti og vöktun með urðunarstaðnum í 30 ár eftir að honum hefur verið lokað. Gjaldið leggst á allan urðaðan úrgang frá 16. júlí 2009 að telja. Ábyrgðin er í samræmi við 17. gr. lið b í reglugerð nr. 738/2003.

Til gjalda á tímabilinu eru færðar 3,5 millj.kr. og nemur skuldbinding vegna ábyrgðar á urðunarstað í lok tímabilsins 43 millj.kr.

12. Endurvinnslustöðvar eru í eigu sveitarfélaganna og er færð skuldbinding vegna þeirra í bókum SORPU bs. Á móti lánum sem tekin voru vegna endurvinnslustöðva á SORPA bs. kröfu á hendur sveitarfélögunum og dregst hún frá skuldbindingunni.

Breyting skuldbindingarinnar er eftirfarandi á tímabilinu:

Skuldbinding vegna endurvinnslustöðva í ársbyrjun	368.499.604
Krafa á sveitarfélögin, vegna langtímalána endurvinnslustöðva, í ársbyrjun	(197.767.029)
Afskrift á tímabilinu	(7.578.456)
Vextir og uppreikningur langtímalána	(10.490.839)
Greiðslur frá sveitarfélögunum	25.959.366
	<u>178.622.646</u>

Skuldbindingin sundurliðast þannig:

Endurvinnslustöðvar í lok tímabilsins	385.613.502
Langtímalán og áfallnir vextir vegna endurvinnslustöðva	(297.851.187)
Lántökur umfram fjárfestingu	90.860.331
	<u>178.622.646</u>

Skuldbindingin skiptist í hlutfalli við íbúafjölda sveitarfélaga þann 1. desember 2014 og sundurliðast þannig:

Reykjavíkurborg	57,67%	103.011.680
Kópavogur	15,80%	28.222.378
Hafnarfjörður	13,21%	23.596.052
Garðabær	6,82%	12.182.064
Mosfellsbær	4,42%	7.895.121
Seltjarnarnes	2,08%	3.715.351
	<u>100,0%</u>	<u>178.622.646</u>

Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

13. Sveitarfélög sem standa að byggðasamlaginu bera einfalda ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda þeirra.

Eignir samlagsins eru ekki veðsettar aðrar en þær sem keyptar eru með fjármögnunarleigu.

Önnur mál

Laun og launatengd gjöld

14. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	1/1-30/6 2015	1/1-30/6 2014	2014
Laun	286.831.196	260.652.373	552.038.318
Stjórnarlaun	3.943.641	3.704.547	9.423.390
Launatengd gjöld	79.919.506	68.973.441	147.570.755
Laun og launatengd gjöld samtals	370.694.343	333.330.361	709.032.463

Ársverk	93	89	94
---------------	----	----	----

15. Tengdir aðilar eru:

	Seld þjón. & vörur	Keypt þjón. & vörur	Kröfur	Skuldir
Eigendur og dótturfélög þeirra	576.177.592	62.447.846	133.745.644	12.941.097
Metan ehf. dótturfélag SORPU bs.	2.412.983	2.766.222	607.161	576.950
	578.590.575	65.214.068	134.352.805	13.518.047

16. Tvö mál er varða SORPU bs. eru rekin fyrir dómstólum. Annars vegar skaðabótakrafa Gámaþjónustunnar upp á 105 millj.kr. auk vaxta og verðbóta en SORPA bs. hefur hafnað þeim kröfum og ekki fært skuldbindingar vegna þessa. Hins vegar er ógildingarmál SORPU bs., gagnvart Samkeppniseftirlitinu en fjárhagsleg áhætta af því máli er ekki önnur en felst í rekstri málsins.

Fylgigögn með ársreikningi

Fimm ára yfirlit samlagsins

17. Fimm ára yfirlit félagsins á verðlagi hvers árs (í þús.kr):

Rekstur	1/1-30/6 2015	2014	2013	2012	2011
Rekstrartekjur	1.459.597	2.721.413	2.429.393	2.292.468	1.976.849
Rekstrargjöld	1.174.232	2.425.431	2.184.258	2.125.455	1.824.681
Hagnaður f. afskriftir	285.365	295.982	245.135	167.014	152.169
Afskriftir	69.023	149.811	140.713	139.961	126.450
Hagnaður f. fjárm.liði	216.342	146.171	104.422	27.052	25.719
Fjármagnsliðir	(6.813)	50.449	(7.756)	(5.291)	2.844
Hagnaður ársins	209.529	196.620	96.666	21.761	28.563

Efnahagur	30/6 2015	2014	2013	2012	2011
Fastafjármunir	1.461.268	1.417.420	1.375.280	1.392.943	1.362.175
Veltufjármunir	1.115.476	889.931	591.740	496.196	472.123
Eignir samtals	2.576.744	2.307.351	1.967.021	1.889.138	1.834.298
Eigið fé	1.567.785	1.358.256	1.161.637	1.305.654	1.258.844
Skuldbindingar	221.601	209.574	185.812	0	0
Langtímaskuldir	366.064	401.420	322.461	227.945	265.300
Skammtímaskuldir	421.294	338.101	297.111	355.539	310.155
Eigið fé og skuldir samtals	2.576.744	2.307.351	1.967.021	1.889.138	1.834.298

	30/6 2015	2014	2013	2012	2011
18. Veltufjárhlutfall	2,65	2,63	1,99	1,40	1,52
Eiginfjárhlutfall	60,84%	58,87%	59,06%	69,11%	68,63%
Arðsemi eigin fjár	14,32%	15,61%	7,84%	1,70%	2,31%
Skuldsetningarhlutfall	23,35%	29,55%	27,76%	15,67%	21,07%
Ársverk	93	94	90	89	85